

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði



Selfoss, 8. apríl 2018  
Tilvísun: 2018020051  
SGB/  
Tilv. ykkar:

## **Efni: Reykjanesbraut (41) gatnamót við Fjarðarhraun, breikkun. Umsókn um Framkvæmdaleyfi**

Með vísun til 13. gr. laga nr. 123/2010, Skipulagslaga, sækir Vegagerðin hér með um framkvæmdaleyfi fyrir breikkun gatnamóta Reykjanesbrautar og Fjarðarhrauns við Kaplakrika sem ætlað er að greiða fyrir umferð á annatímum. Undirbúningur hefur farið fram í samstarfi við fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða breikkun á gatnamótum Reykjanesbrautar við Fjarðarhraun þar sem vinstri beygja frá Fjarðarhrauni inn á Reykjanesbraut til austurs er tvöfölduð og ný aðrein lögð meðfram Kaplakrikalæk (Urriðakotslæk). Til framkvæmdarinnar telst einnig lenging á undirgöngum, vegrið, grjótvörn, færsla niðurfalla og breytingar á umferðareyjum, umferðarljósum og merkingum.

Öll viðbótin á Fjarðarhrauni er til austurs og nær að undirgöngum undir Fjarðarhraun. Nýja aðreinin á Reykjanesbraut nær að og sameinast núverandi frárein inn á Hamraberg. Gert er ráð fyrir efnisskiptum undir nýjar akreinar og að umframefni úr skeringum verði flutt á tipp Hafnarfjarðarbæjar. Lega umferðareyja breytist og miðeyja á Fjarðarhrauni verður fjarlægð nema næst gatnamótunum, en í stað hennar kemur tvöfalt vegrið. Einnig verður sett tvöfalt vegrið í miðeyju á Reykjanesbraut til austurs. Vegrið meðfram Fjarðarhrauni verður fært út. Auk þess verður sett upp vegrið meðfram timburvegg vestan Fjarðarhrauns á móts við gatnamótin.

Vegna nýju aðreinarinnar verða undirgöng undir Reykjanesbraut lengd til suðurs. Suðurendi undirganga verður lengdur í toppinn og hliðum en göngin verða ekki lengd í botninn. Skipta þarf út núverandi röreiningum við endann og bolta á nýjar einingar með brattari fláa og grjótvörja fyllingarfláann næst göngunum.

Vegflái mun ná að Kaplakrikalæk og verður grjótvörn sett á fláann meðfram læknum í líkingu við grjótvörn sem er hinum megin við lækinn. Gert er ráð fyrir steypu og steypustyrktarjárn á bakvið grjótvörnina til styrkingar.

Ekki er gert ráð fyrir að opna nýjar efnisnámur vegna verksins. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði úr opnum námum sem þegar hafa starfsleyfi.

Helstu magnþölur eru:  
Gröftur: 4.000 m<sup>3</sup>  
Burðarlög: 3.000 m<sup>3</sup>.  
Nýtt malbik á breikkun: 3.200 m<sup>2</sup>.

Fylgigögn:

Yfirlitsmynd yfir framkvæmdina

Breikkun við Kaplakrikalæk, grunnmynd og langsnið

Breikkun við Kaplakrikalæk, grunnmynd og langsnið með loftmynd

Minnisblað Verkís dags. 26.01.2018 um umferðarhermun.

Virðingarfyllst,

Svanur Bjarnason

Svanur Bjarnason

Svæðisstjóri Suðursvæðis

